



SKOÐUN Guðmundur Andri segir að hér séu ekki viðsjár líft og í Danmörku. **13**



MENNING Dómarinn um tónleika Eivarrar og Sinfóníunnar í Höru á miðvikudag. **18**



LÍFIÐ Moses Hightower fengu gullplötu og vinna að sinni þriðju breiðskífu. **26**



SPORT Eyjamaður og Gróttukonur fögnuðu í Höllinni um helgina. **22-23**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

2. mars 2015
51. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Líkamsrækt dró úr einkennum geðklofa

Kristjana Ósk Sturludóttir starfar með ungu fólki með geðklofa á Laugarási, meðferðargeðdeild. Rannsókn hennar á áhrifum hreyfingar á einkennum geðklofa hjá ungu fólki leiddi í ljós að það dró úr neikvæðum áhrifum geðklofa. **2**

Dýrari neyðarakstur Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, segir þrengingar á götum til að draga úr umferðarhraða teifa neyðarakstur sjúkra- og slökkviliðsbíl. **6**

Minntust Boris Stjórnarandstæðingurinn Boris Nemtsov var skotinn til bana í Moskvu í föstudag. Púsundir mótmælenda komu saman í Moskvu í gær. **10**



| | | | |
|----------------|-----|----|----|
| Bolungarvík | -5° | NA | 11 |
| Akureyri | -5° | NA | 6 |
| Egilsstaðir | -6° | V | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | -3° | A | 6 |
| Reykjavík | -3° | NA | 9 |

Éi eða dálítill snjókomu norðanlands og sums staðar sunnan til. Strekkingur allra vestast en annars hægarí vindur. Frost 0 til 11 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Meint brot Íslandspóstis verið til rannsóknar frá árinu 2008

Samkeppniseftirlitið hefur í kringum tíu mál sem varða Íslandspóst og meint samkeppnisbrot fyrirtækisins til athugunar. Ný og ný mál tefja lyktir rannsóknar sem hófst upphaflega árið 2008. Sáttameðferð hófst árið 2013.

SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið hefur í kringum tíu mál til skoðunar þar sem fyrirtæki á póst- og flutningamarkaði telja að ríkisfyrirtækið Íslandspóstur, í skjóli einkaleyfis og markaðsstyrks, nýti afl sitt til að skapa óeðlilegt samkeppnisforskot gagnvart keppinautum sínum.

Samkeppniseftirlitið hóf frumkvæðisrannsókn á Íslandspósti árið 2008. Ný og ný mál hafa sífellt komið upp allan þann tíma og tafið lyktir málanna. „Sum framangreindra mála hafa breytt um farveg frá því að þau komu fyrst upp, m.a. vegna annarra kvartana sem upp hafa komið í millitíðinni. Þá hafa orðið tafir á meðferð mála vegna mikils álags, samfara læk-

un fjárheimilda. Í hruninu þurfti Samkeppniseftirlitið að endurforgangsraða ýmsum málum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, aðspurður um þá löngu töf sem hefur orðið á úrvinnslu mála Íslandspóstis á sama tíma og gagnrýni á fyrirtækið hefur verið mikil allan þann tíma sem það hefur verið til rannsóknar.

Að sögn Páls hefur stofnun hans átt í viðræðum við Íslandspóst frá því árið 2013 til að leiða málin til lykta, en eftirlitinu er heimilt að gera sátt við fyrirtæki sem til rannsóknar eru. Á þessu stigi liggur ekki fyrir til hvers þær viðræður leiða, en vonast er til að flestum þessara mála ljúki á næstunni, segir Páll.

„Það er ekkert hægt að lesa meira í það á þessu stigi en það að viðræður eru í gangi og ekki vitað til hvers þær leiða,“ segir Páll spurður um hvort viðurkenningu á sekt Íslandspóstis megi lesa úr því að málið er í sáttameðferð. „Það er ekki hægt að draga þá ályktun sjálfkrafa, það verður bara að koma í ljós þegar þessu er lokið.“

Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum árum haft ýmis afskipti af Íslandspósti vegna samkeppnismála. „Þessi mál tengjast öll. Þetta er eins og keðja, því þegar það bætist við nýtt erindi þá kemur nýr vinkill sem skýrir tafirnar að hluta. Þá þarf að stiga til baka með langt komin mál og hefja skoðun þess að hluta upp á nýtt. Þetta er



Þessi mál tengjast öll. Þetta er eins og keðja, því þegar það bætist við nýtt erindi þá kemur nýr vinkill sem skýrir tafirnar að hluta.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

líka óvenjulegt því það er einn risi á markaðnum sem hefur þessa sérstöku stöðu og allar kvartanir beinast að honum,“ segir Páll.

- shá / sjá síðu 8



HEIÐUR HIMINN Borgarbúar nutu þess að líta heiðskíran himin um helgina. Norðurljós sáust víða og sólarlag sunnudags skartaði fagurbleikum og rauðum tönum. Þá var veður fremur stillt, en fimmtíu fyrstu dagar ársins 2015 eru þeir vindasömstu frá árinu 1995 með meðalvindhraða upp á meira en 10 metra á sekúndu. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÍ MARÍNÓ KARLSSON

Munu halda sömu launum:

Stytting á vinnuvikunni

KJARAMÁL Nýtt tilraunaverkefni hefst um mánaðamótin í Reykjavík. Verkefnið snýr að styttingu vinnudags á tveimur starfsstöðvum borgarinnar, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Barnavernd Reykjavíkur.

Vinnutími verður stytur án launaskerðingar og er markmið verkefnisins að kanna áhrif á veliðan og starfsanda starfsmanna sem og þjónustu viðkomandi starfsstaða.

Stýrihöpur verkefnisins vonast til að verkefnið gangi vel og að mögulegt verði að taka stærri skref í átt að styttri vinnuviku þegar verkefninu lýkur. Þetta kemur fram í grein sem Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, skrifar, með fleirum, í blaðið í dag.

- gló / sjá síðu 12

Gildistaka fríverslunarsamnings um mitt síðasta ár hefur áhrif á viðskipti:

Stóraukin póstverslun frá Kína

EFNAHAGSMÁL Verði aukning á póstverslun frá Kína með sama hætti og var á síðasta ári fer umfang viðskiptanna yfir 400 milljónir króna á þessu ári.

Póstverslun frá Kína fór úr 123 milljónum króna í 292 milljónir króna milli árána 2013 og 2014 samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands fyrir Fréttablaðið. Aukningin nemur 137 prósentum á milli ára.

Fríverslunarsamningur við

Kína tók gildi 1. júlí í fyrra, en við gildistöku hans féllu niður tollar á 96 prósentum vara sem frá Kína koma. Netverslunin Aliexpress, í eigu kínversku samstæðunnar Alibaba sem í fyrra var skráð á markaði í Bandaríkjunum, er að baki stórum hluta póstverslunar frá Kína. Þar er hægt að panta fatnað, raftæki, skótau, íþróttavörur, veiðivarning, varahluti og margvíslegar vörur aðrar.



GUNNAR ÓSKARSSON

Gunnar Óskarsson, lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, segir óvarlegt að gefa sér að hlutfallsaukning viðskiptanna haldi sér milli 2014 og 2015, því mesta stökkið hafi örugglega verið þegar fríverslunarsamningurinn komst á. Um leið sé ljóst að vöxtur sé í þessari tegund verslunar og að við gildistöku samningsins hafi vörur frá Kína orðið hagstæðari í innkaupum. „Og það er ekkert að breytast,“ segir hann.

- óká / sjá síðu 4

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur 250 mg

Actavis

SNIGLAGEL

dregur úr hrukkum, örur og bólum.

Fæst í Heilsuhúsinu



Verð: 2.550.000 kr.

Citroën C3 Seduction VSX71
Skráður des. 2013, 1,6Di, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 36.000 km. í ábyrgð

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



Tilboð: 2.990.000 kr.

Mercedes Besn 200 E-Class MAE68
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 139.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.



Tilboð: 1.050.000 kr.

Mitsubishi Lancer LZ540
Skráður sept. 2006, 1,6i bensín, beinskíptur
Ekinn 84.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.



Tilboð: 2.890.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinskíptur.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr. í ábyrgð

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Tilboð: 3.690.000 kr.

Mazda6 Vision FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr. í ábyrgð



Tilboð: 1.590.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.



Verð: 1.090.000 kr.

Volkswagen Polo Comfortline LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 111.000 km.

FINNDU BÍLINN ÞINN



*Skofaðu fleiri
degni hér!*

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð 3.750.000 kr.

Ford C-Max Titanium DOX03
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 24.000 km.
Ásett verð: 3.980.000 kr. í ábyrgð



Tilboð: 3.650.000 kr.

Ford Kuga Titanium S DHA29
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 90.000 km.
Ásett verð: 3.880.000 kr.



Tilboð: 2.790.000 kr.

Kia Rio Ex IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskíptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. í ábyrgð



Tilboð: 8.490.000 kr.

Toyota Land Cruiser 4x4 FDM35
Skráður janúar 2012, 3,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 9.490.000 kr. í ábyrgð



Tilboð: 3.090.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ATE60
Skráður mars 2014, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 13.500 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.



Verð: 2.980.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ZBV14
Skráður maí 2014, 1,0 bensín, beinskíptur.
Ekinn 25.000 km. í ábyrgð



Tilboð: 2.490.000 kr.

Renault Megane II Berline FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Örugur staður til að vera á

SVONA ERUM VIÐ



185.700 manns á aldrinum 16-74 ára voru á vinnumarkaði á fjórða ársfjórðungi 2014.

Af þeim voru 178.800 starfandi og 7.700 án vinnu og í atvinnuleit.

Heimild: Hagstofa

Matorka ehf. hefur gert 425 milljóna ívilnunarshamning við stjórnvöld sem gildir næstu tíu árin: Reisa 3.000 tonna landeldisstöð í Grindavík

ATVINNA Matorka ehf. hyggst byggja þrjú þúsund tonna fiskeldisstöð í Grindavík og hefur vegna verkefnisins gert fjárfestingarsamning við stjórnvöld um ívilnanir til næstu tíu ára að verðmæti 425 milljónir króna.

Um landeldi er að ræða þar sem fyrirtækið mun samkvæmt samningi við HS Orku nýta affallsvatn frá Svartsengi til framleiðslunnar. Jarðhitinn frá Svartsengi mun gera félaginu kleift að framleiða mikið magn af hágæða laxfiski

við kjörhitastig allan ársins hring. Framkvæmdir við þessa stærstu landeldisstöð landsins munu hefjast á næstu vikum; um svokallaða fjöleldisstöð er að ræða og því kemur eldi á mörgum tegundum fisks til greina.

Heildarfjárfesting verkefnisins er tæpar 1.430 milljónir króna. Félagið stefnir að því að hefja framleiðslu á árinu 2015 og að fullum afköstum í starfseminni verði náð á árinu 2016.

Matorka er í blönduðu eignar-

1.430 milljónir króna er heildarfjárfesting verkefnisins. Fullum afköstum á að ná á næsta ári.

haldi Íslendinga og erlendra fjárfesta. Í tilkynningu frá fyrirtækinu er sérstaklega til þess tekið að landstöð eins og þessi mengar ekki hafið og ógnar því síður villtum laxastofnum við Ísland.



BLEIKJUELDI Framleiðsla eldisfisks í landstöðinni mun skapa 40 varanleg störf. MYND/GUÐBERGUR

Opna nýja þjónustumiðstöð: Veita ráðgjöf og endurhæfingu

SAMFÉLAG Til umfjöllunar á Alþingi er lagafrumvarp um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu. Þessu gerði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, grein fyrir í ávarpi síðastliðinn föstudag á málþingi félags Einstakra barna og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem haldið var í tilefni af alþjóðlegum degi sjaldgæfra sjúkdóma.

Miðstöðin mun meðal annars veita ráðgjöf og annast greiningar, meðferð og endurhæfingu. Þá mun hún veita einstaklingum með sjaldgæfa sjúkdóma og sjaldgæfa fötlun sérhæfða aðstoð.



HARDORÐUR Sindre Sigurgeirsson segir ágóða af afnámi tolla fara í vasa kaupmanna.

Tollastefnan rædd: Vilja ekki óheftan innflutning

VERSLUN Tollastefna í landbúnaðarmálum var rædd á búnaðarþingi í Hörpu í gær. Sindre Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, varar við óheftum innflutningi landbúnaðarvara og sagði að ávinningur af niðurfellingu tolla myndi lenda í vasa kaupmanna en ekki neytenda.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tók undir það. „Við vitum af reynslu annarra þjóða að innflutningur á kostnað heimaframleiðslunnar skilar sér ekki í lægra verði, því er á móti.“

Sendingar frá Kína tóku kipp

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína tók gildi um mitt síðasta ár. Póstverslun frá Kína jókst um 137 prósent milli ára. Haldi aukningin má gera ráð fyrir að póstsverslun þaðan verði í ár yfir 460 milljörðum króna.

EFNAHAGSMÁL Póstverslun frá Kína fór úr 123 milljónum króna í 292 milljónir króna milli ára 2013 og 2014 samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands fyrir Fréttablaðið. Aukningin nemur 137 prósentum á milli ára.

Að baki aukningunni er líklega fríverslunarsamningur við Kína sem tók gildi 1. júlí í fyrra, eftir að hafa verið samþykktur í ríkisstjórn í byrjun árs. Við gildistöku samningsins féllu niður tollar á 96 prósentum vara sem frá Kína koma.

Í krónum talið nemur aukningin á milli ára 169 milljónum króna í auknum innflutningi. Að þeim forsendum gefnum að aukningin sé til komin vegna fríverslunarsamningsins og nái til seinni hluta ársins og að hún haldist söm út þetta ár, má gera ráð fyrir að umfang póstsverslunar frá Kína fari á þessu ári í 461 milljón króna.

„Það er nú ekki víst að sama hlutfallslega aukning verði áfram,“ segir Gunnar Óskarsson, lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, en hann hefur meðal annars sérhæft sig í rafrænum viðskiptum og markaðssetningu á netinu. „Mesta stökkið er örugglega þegar fríverslunarsamningurinn komst á,“ segir hann.

Um leið segir Gunnar ljóst að vöxtur sé í þessari tegund verslunar. Það sem hafi breyst við fríverslunarsamninginn við Kína sé hins vegar að vörur þaðan hafi orðið hagstæðari í innkaupum. „Og það er ekkert að breytast,“ segir hann. Og þótt Íslendingar sé ekki komnir jafnlangt á veg í netviðskiptum og nágrannaþjóðirnar þá séu þeir ekki jafnaftarlega á merinni þegar kemur að erlendri netverslun og þegar kemur að innlendi.

„En það er gríðarleg aukning á verslun á netinu,“ segir hann og vísar til þess að nemendur hans í Háskólanum nýti netið töluvert í fatakaupum. „Við erum að fá



HJÁ PÓSTINUM Niðurstæða nýrrar greiningar Rannsóknaseturs verslunarinnar er að Íslendingar hafi ekki tileinkað sér netverslun í sama mæli og í nágrannalöndunum. Þróunin sé hins vegar í átt til „alverslunar“ þar sem hefðbundin verslun og netverslun vinna saman.



Þetta fari eitthvað að gjörbreytast og tel Kínaverslun bara fara vaxandi.

Gunnar Óskarsson, lektor í viðskiptafræði við HI.

nýja kynslóð af fólki sem hagar sér öðruvísi og ég sé ekki að þetta fari eitthvað að gjörbreytast og tel Kínaverslun bara fara vaxandi.“ Á móti komi svo að fólk sé enn að fóta sig í þessum innkaupum og

Vörukaup á netinu sjö milljarðar króna

Netverslunin Aliexpress, í eigu kínversku samstæðunnar Alibaba sem í fyrra var skráð á markað í Bandaríkjunum, er að baki stórum hluta póstsverslunar frá Kína. Þar er hægt að panta fatnað, raftæki, skótau, íþróttavörur, veiðivarning, varahluti og margvíslegar vörur aðrar. Verði sama aukning og verið hefur verður póstsverslun frá Kína verulegur hluti netverslunar. Í nýrri greiningu frá Rannsóknasetri verslunarinnar „Íslensk netverslun: Greining á stöðu og framtíðarhorfur“, sem út kom í byrjun ársins eru vörukaup Íslendinga á netinu sögð geta numið um sjö milljörðum króna á ári, eða tveimur prósentum af heildarumfangi smásöluverslunar hér. Skýrsluhöfundar, Stefán Kalmansson og Emil B. Karlsson, segja þá upphæð skiptast nokkurn veginn til helminga á milli kaupar frá innlendum og erlendum aðilum.

reki sig stundum á að gæði varningsins séu ekki þau sem búist hafði verið við og svo geti komið upp aðrir hnókrar. „En mér finnst fólk tiltölulega afslappað gagnvart þessu samt,“ segir hann og bendir

á að fólk leiti til dæmis í auknum mæli til saumastofa til að láta laga til fót sem ekki hafi passað alveg. „Oft er það ódýrara og þægilegra en að standa í að skila og endursenda.“

Advertisement for 365 SMS service. Text: Til hvers að flækja hlutina? SJÁLFKRAFA Í BESTA ÆPREP! Prices: 0-60 mín. og SMS 0 kr., 60-365 mín. og SMS 2.990 kr., Endalaust 4.990 kr.

Weather forecast section. Includes map of Iceland with weather icons, temperature, wind speed, and a list of international weather conditions. Title: Veðurspá. Subtitle: Gildistími korta er um hádegis.

TAX



SÍÐASTI DAGUR!

FREE

AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM

**KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!**



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **19.35%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

VEISTU SVARID?



1. Hvaða fyrirtæki kaupir vélar fyrir 5,6 milljarða?
2. Hvað heitir fyrsti íslenski atvinnu- maðurinn í hjólræiðum?
3. Hvaða fatahönnuður sýnir fatalín- una Eitur í flösku á HönnunarMars?

SVÖR

1. Landspítali. 2. Ingvar Örnarsson. 3. Tanja Huld Levy Guðmundsdóttir.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir tíðni vestan- og suðvestanáttu mun meiri núna en á meðalári:

Vindasamasta ársbyrjun frá árinu 1995

VEÐUR Fimmtíu fyrstu dagar árs- ins 2015 eru þeir vindasömuðu frá árinu 1995 með meðalvindhraða upp á meira en 10 metra á sekúndu. Þetta sagði Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur hjá Veðurvaktinni ehf., þegar HB Grandi fékk hann til að rýna í veðrið nú í upphafi árs- ins og bera það saman við veðrátt- una á sama árstíma undanfarin ár. „Þetta er mikill meðalvind- hraði og aðeins sama tímabil 2008 kemst nálægt því frá árinu 1995,“ sagði Einar. Hann sagðist hafa

valið þann kostinn að horfa til vindhraða og vindáttu og við sam- anburðinn hafi hann stuðst við veðrupplýsingar frá Garðskaga frá upphafi mælinga þar árið 1995 og fram til 18. febrúar síðastliðinn. Sá staður sé á berangri úti við sjó og hafi því ekkert skjól af fjöllum í ákveðnum vindáttum.

Einar segir tíðni vestan- og suð- vestanáttu skera sig úr. „Tíðni þeirra vindáttu er nú 55 prósent sem er mun meira en í meðal- ári. Það er oft rætt um að vetur-

55% er tíðni vestan- og sunnanáttu í byrjun árs.

inn 2000 hafi einkenst af þrálát- um vestan- og suðvestanáttum en munurinn er sá að vindurinn þá var markvert hægari en nú, enn og aftur miðað við Garðaskaga.“ Að sögn Einars hefur það einkennt veðráttuna frá áramótum að lítið hlé hafi verið á milli lægða og þær hraðskreiðar og krappar. - ngy



HVASST Í ÁR Lítið hlé á milli lægða hefur einkennt veðráttuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Matreiðslumaður ársins: Atli Erlendsson hlutskarpastur

MATUR Atli Erlendsson, mat- reiðslumaður á Grillinu, hlaut í gær titilinn matreiðslumaður árs- ins eftir skemmtilega lokakeppni í Hörpu. Annað sætið hlaut Steinn Óskar Sigurðsson, matreiðslu- maður í Vodafone, og var yfir- dómari keppinnar Matti Jansen frá Finnlandi.

Verkefni keppenda var að elda forrétt og aðalrétt úr úrvali hráefna beint frá bónda upp úr óvissukörfu sem hulunni var svipt af degi fyrir keppni. - kbg

Framleiðslubrestur: Sveppaskortur er í landinu

LANDBÚNAÐUR Sveppaskortur er í landinu vegna framleiðslubrests hjá Flúðasveppum og annar fyrir- tækið ekki eftirspurn. Sjávarút- vegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur dregið lappirnar og ekki fylgt lagaskyldu um niðurfell- ingu tolla á innflutta sveppi eins og búvörulögin kveða á um þegar skortur er á sveppum.

Fréttastofa Stöðvar 2 fór á stúf- ana í sveppaleit, voru þeir ekki til í flestum verslunum en fundast á endanum í Hagkaup Garðabæ. - kbg



JÓN VIÐAR MATTHÍASSON Slökkviliðsstjóri segir sérakreinar fyrir strætisvagna nýttast vel í forgangsakstri en að hraðahindranir geta tafið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hraðahindranir þýða dýrari neyðarakstur

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, segir þrengingar á götum til að draga úr umferðarhraða tefja neyðarakstur sjúkra- og slökkviliðsbíla. Þegar hver einasta mínúta skiptir sköpum geti afleiðingarnar verið umtalsverðar.

ÖRYGGISMÁL „Almennt eru þreng- ingar gatna áhyggjuefni Slökkvi- liðs höfuðborgarsvæðisins vegna þess hve viðkvæm lífsbjörgunar- verkefni eru gagnvart töfum,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri.

Framangreint segir slökkvi- liðsstjórinn í bréfi til skipulags- nefnda allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Kveður hann slökkviliðið iðulega fá óskir um umsagnir vegna aðgerða sem draga eigi úr umferðarhraða, eins og til dæmis þrenginga á götum. Þetta geti haft bein áhrif á við- bragsaðila, meðal annars vegna lífsbjörgunar.

„Sem dæmi um áhrif tafa á sjúkraflutninga má nefna að lífs- möguleikar manneskju í hjarta- áfalli minnka um tíu prósent á hverri mínútu sem líður frá áfalli og þar til hægt er að veita henni tilhlýðilega aðhlyningu,“ segir í bréfi Jóns Viðars. „Tafir á útkalls- tíma slökkvibíls á leið í eldsvoða geta haft umtalsverðar afleiðingar þar sem hver mínúta skiptir sköp- um við útbreiðslu elds.“

Þá rekur slökkviliðsstjórinn að sé útkallstími of langur skuli auka viðbúnað liðsins. „Aðgerðir sem lengja þennan tíma geta því bæði orðið til þess að árangur slökkvi- liðsins verður lakari og valdið slökkviliði og þar með sveitar- félögunum umtalsverðum kostnaði í náinni framtíð,“ segir hann.

Að sögn Jóns Viðars beinast áhyggjur hans ekki eingöngu að einstökum götum á lykilstöðum



HRADAHINDRANIR Jón Viðar hvetur til þess að hugað verði að útkallstíma við- bragsaðila við þróun gatnakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

„Aðgerðir sem lengja þennan tíma geta því bæði orðið til þess að árangur slökkviliðsins verður lakari og valdið slökkviliði og þar með sveitarfélögunum umtals- verðum kostnaði.“

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri.

þannig úr slysum. „Menn þurfa að velta fyrir sér öllum sjónarmið- um þegar teknar eru ákvarðanir og gefa okkur tækifæri til að koma að því.“ gar@frettabladid.is

EVRÓPUMÁL

Dýravelferð á Íslandi og í Evrópu



Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Evrópustofu

ÞRIÐJUDAGINN 3. MARS KL. 9.00-10.30 Í FYRIRLESTRASAL ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Dýravelferð í Evrópusambandinu

Terence Cassidy er yfirmaður velferðarmála dýra hjá matvælastofnun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.



Ný dýravelferðarlöggjöf á Íslandi: Hvar stöndum við í samanburði við Evrópu?

Þóra Jóhanna Jónasdóttir er dýralæknir gæludýra og dýravelferðar hjá Matvælastofnun.



Eftir erindin verða pallborðsumræður:

Erna Bjarnadóttir frá Bændasamtökum Íslands
Dominique Plédel Jónsson frá Neytendasamtökunum
Sif Traustadóttir frá Dýraverndarsambandi Íslands

Fundarstjóri: Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs H.Í.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir. Boðið verður upp á kaffiveitingar frá kl. 8:30 til 9:00. Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og www.evpustofa.is



Heitir dagar

Fyrir heimilin í landinu

Stílfögur eldhústæki frá **AEG** sem gera gott eldhús betra

20% afsláttur af öllum AEG ofnum

BE2000001-M



2 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál
Íslensk notendahandbók.

BE3002401-M



3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fánlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litir: Stál og hvítur.
Íslensk notendahandbók.

BE5304401-M



5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hraðhitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fánlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litir: Stál, hvítur og svartur.
Íslensk notendahandbók.

BS8314401-M



8 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Einnig fánlegur sem gufuofn. Litur: Stál.
Íslensk notendahandbók.

HK634000XB



SÉRTILBOÐ

á þessu vinsæla
57 cm helluborði
með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

**Verð nú
kr. 69.900**

Airforce

AEG



Eyjuháfar · Veggháfar · Viftur

20-30% afsláttur

20% afsláttur af öllum AEG helluborðum

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 10-18 OG
LAUGARDAGA
KL. 11-15

ormsson.is

ORMSSON

Lágmúla 8 - Sími 530 2800

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK - EGISSTÖÐUM
SÍMI 4712038


ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

OMNIS
BORGARNESI
SÍMI 444 9912

KREDITKORT



Í BETRI STOFUNNI

Njóttu ferðalagsins með Business og Premium Icelandair American Express®.
Þú getur slakað á í betri stofunni í Leifsstöð þegar þú flýgur með áætlunarflugi Icelandair.



Kynntu þér kostina á kreditkort.is



Kortid sem kemur þér út



LANDIÐ



Fellir úr gildi deiliskipulag


1 STYKKISHÓLMUR Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fellt úr gildi deiliskipulag Stykkishólmsbæjar um að stofna lóð að Skólástíg 4a. Eigendur Skólástígs 4 kærðu deiliskipulagsbreytinguna árið 2011 en vegna fjölda mála hjá nefndinni hefur dregist að kveða upp úrskurðinn. Samkvæmt úrskurðinum var rannsókn og rökstuðningi með deiliskipulaginu svo áfátt að ekki var annað hægt en að fallast á kærana. Deiliskipulagstíllagan er því fellt úr gildi.

Fyrsti sónar ársins á Ísafirði

2 ÍSAFIJÖRÐUR Verðandi foreldrar á sumum svæðum Vestfjarða gátu í gær fengið sónarskoðun á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Síðasta sónarskoðun var gerð þann 10. nóvember síðastliðinn eða fyrir 108 dögum. Hjúkrunarfræðingurinn sem sinnir sónarskoðun á heilbrigðisstofnuninni er búsettur á Akranesi og hefur ekki komist vegna veðurs. Foreldrar sem þurft hafa að fara í sónarskoðun síðan 10. nóvember hafa þurft að leita til höfuðborgarinnar, með ærnum tilkostnaði.

Erfitt setlag hægir á grefti

3 FJARÐABYGGÐ Upp eru komin nokkur vandræði með gangagröft Norðfjarðarganga sem munu leysa göngin um Oddskarð af. Erfitt setlag hefur torvelað gröft Eskifjarðarmegin og hefur lítið þökast þar. Hefur því verið gripið til þess ráðs að grafa stærri hluta ganganna Norðfjarðarmegin. Upphaflega átti að grafa um tvo og hálfan kílómetra Norðfjarðarmegin, í Fannardal. Hins vegar mun nú verða grafið um þrjá kílómetra þar. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 12 milljarðar.



HEILSUBORG

- Þín brú til betri heilsu

- Ertu 60 ára eða eldri?
- Viltu bæta hreyfigetu og jafnvægi?
- Langar þig að verða styrkari og orkumeiri?
- Viltu hreyfa þig í skemmtilegum félagsskap?
- Viltu æfa í notalegu umhverfi?

Ný námskeið að hefjast.
Fjölbreyttar leiðir fyrir 60 ára og eldri.


Í form fyrir golfið 60+
60+leikfimi
Dansfjör 60+
Heilsumat
Sjúkrþjálfun
Aðhald hjúkrunarfræðings
Jóga 60+
Slökun



Hvað hentar þér? Hafðu samband og fáðu fría ráðgjöf

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010



MÓTMÆLI Stjórnarandstæðingar saka Pútín um að bera ábyrgð á morðinu.

Tugþúsundir minnst Boris Nemtsovs

Stjórnarandstæðingurinn Boris Nemtsov var skotinn til bana í Moskvu á föstudag. Þúsundir mótmælenda komu saman í Moskvu í gær til að minnst Nemtsovs.

RÚSSLAND Tugþúsundir manna komu saman í Moskvu, höfuðborg Rússlands, í gær til að minnst stjórnarandstæðingsins Boris Nemtsovs en hann var skotinn til bana síðastliðið föstudagskvöld. Skruðganga var farin í gegnum miðborgina og að staðnum þar sem Nemtsov var myrtur. Margir héldu á blómum til að leggja á svæðið. Þá voru margir með rússneska fánann og nokkrir með þann úkraínska. Á vef Reuters greinir að fólk hafi gengið með skilti og á sumum hafi staðið „Rússland án Pútín“.

Mikil ólga hefur myndast í Rússlandi vegna morðsins. Nemtsov, sem varð 55 ára, var einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í landinu en hann gegndi embætti aðstoðarforsætisráðherra landsins í valdatíð Boris Jeltsín Rússlandsforseta. Nemtsov var frjálslýndur stjórnmálamaður og hafði haldið uppi gagnrýni á stjórnvöld í Rússlandi, meðal annars vegna átakanna í Úkraínu. Hann var einn aðalskipuleggjandi mótmæla gegn hernaðaráttókum í Úkraínu

sem áttu að fara fram í borginni í gær.

Stjórnarandstæðingar í Rússlandi hafa komið saman í stórum hópum og sakað stjórn Pútíns um að bera ábyrgð á morðinu. Þá segja þeir Nemtsov hafa fengið morðhótanir undir nafnleysi dagana áður en hann var skotinn. Auk þess hafi hann sagt að Vladímír Pútín, forseti Rússlands, vildi sig feigan.

Pútín hefur hins vegar fordæmt morðið og sagst ætla að taka að sér yfirstjórn rannsóknarinnar. Þessu hafa stjórnarandstæðingar mótmælt og sagt aðkomu hans að rannsókninni fráleita.

Nemtsov var skotinn fjórum sinnum í bakið af óþekktum árásmanni í bíl þegar hann var á gangi yfir Boloshoy Kammeny-brúna skammt frá Kreml með konu í miðborg Moskvu. Rússnesk stjórnvöld hafa nú gert opinbera upptöku sem náðist af morðsvæðinu. Myndbandið er þó ekki mjög greinilegt og aðeins aðdragandi morðsins sést á því, en ekki morðið sjálft.

nadine@frettabladid.is

Vildi fá Nemtsov til Íslands

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tjáði sig um morðið og sagðist vonast til þess að þessi sorglegi atburður yrði til þess að vekja athygli á mikilvægi frjálslýndis, friðar og frelsis.

Sigmundur syrgir Boris Nemtsov á Facebook-síðu sinni og segir að sér hafi brugðið að heyra um morðið. Sigmundur stundaði um tíma skiptinámi í Plekhanov-háskóla í Moskvu meðan hann var í viðskiptafræðinámi og segist hafa verið mikill aðdáandi Nemtsovs á tunda áratugnum.

Nemtsov hafi verið einstakur prinsippmaður sem lét aldrei hræða sig frá því að lýsa skoðun sinni og vekja umræðu um mál sem aðrir töldu að ekki mætti ræða.

Sigmundur upplýsir jafnframt að hann hafi skrifað Nemtsov bréf og kannað hvort hann gæti hugsað sér að koma til Íslands og halda fyrirlestur.

Hryðjuverkaógn á Íslandi

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Aðeins ein tilraun hefur verið gerð til hryðjuverkaárásar hér á landi – séu skýrsluttur Helga Hóseassonar ekki taldar með – og það var árið 2012, í tíð síðustu ríkisstjórnar, eins og Atli Þór Fanndal, blaðamaður á viku- blaðinu Reykjavík, rifjaði upp á dögnum í fróðlegri grein í kjölfar óska innanríkisráðherra um „að opinska og lýðræðisleg umræða fari fram um hvort komið verði á fót þjóðaröryggisdeild til að mæta hryðjuverkaógninni“.

Seinheppinn terroristi

Í janúarmánuði árið 2012 kom sem sé maður einn fyrir sprengju við stjórnarráðið snemma morguns en forst verkið óhönduglega svo að ekki skapaðist teljandi hætta önnur en sú að honum tókst næstum því að kveikja í sjálfum sér. Upphaflega hugðist maðurinn koma sprengjunni fyrir við heimili þáverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. Með þessu sprengjubrólti vildi hann leggja áherslu á kröfur sínar um slit á aðildarviðræðum við ESB, endurskoðun á EES-samningnum, að Ísland hætti í Schengen-samstarfinu og breytingar á kvótakerfinu.

Seint verður sagt að viðbrögð lögreglu hafi einkenst af óða-

goti. Hún lýsti reyndar eftir manningum, sagði hann feitlaginn – en hann mótmælti þeirri lýsingu sjálfur síðar. Allt hefur þetta mál raunar fengið á sig nokkuð spaugilegan og séríslenskan blæ af sögu um seinheppinn terroristi. Almennt virðist lögreglan hafa ákveðið að láta kyrrt liggja og taka með mildi á ógnunum og sprengjuhótunum í garð forsætisráðherra landsins, láta manninn í friði og vona það besta um að hann yrði til friðs. Hann fékk engar sektir, hvað þá dóm. Hins vegar var tekið viðtal við hann í DV þar sem hann fékk að viðra hugsjónir sínar; hann fékk þannig þá athygli sem hann sóttist eftir án þess að þurfa að taka afleiðingum gjörða sinna. Eins og Atli Þór bendir á í grein sinni þá kom maðurinn fyrir sprengju í opinberu rými, skrifaði pólitísk skilaboð, og sú sprengja sprakk. Þetta er tilraun til hryðjuverks – að vísu fjarska misheppnuð en yfirvöld hafa bersýnilega séð í gegnum fingur sér við manninn.

Og kannski var alveg rétt að gera það. Bak við svona mál er alltaf einhver einstaklingur, einhver manneskja með sínar ástæður og jafnvel málsbætur. En auðvelt hefði verið að sjá þennan verknað í samhengi við alþjóðlegar hræringar – setja hann í samhengi við hægri sinnaða öfgamenn í nálægum löndum sem framið hafa voðaverk með svipadar hugmyndir á vörum; skoðanir þessa manns urðu ekki til í tómarúmi; ekki var samt ástæða til að gera of mikið veður út af því; eða líta á hann sem part af alþjóðlegu hryðjuverkaneti.

Hvað er hættulegt?

Í vikunni var gerð heyrinkunnug einhvers konar skýrsla svokallaðrar greiningadeildar Ríkislögreglustjóra. Þar vöktu athygli stórkaralegar staðhæfingar um að lögreglan hefði vitneskju um menn sem bæði hefðu vilja og getu til að fremja voðaverk. Ekki var þó um að ræða sprengjumanninn frá 2012 heldur skildist okkur að hér væri um að ræða menn sem tengdust eða vildu tengjast hryðjuverkaneti samtaka á borð við al Kaída eða ISIS, enda landið kunnur viðkomustaður ferðalanga milli Evrópu og Bandaríkjanna, og alls konar lið í þeim hópi eins og dæmin sanna.

Hvað er hættulegt? Til dæmis ranghugmyndir. Andrúmsloft getur verið hættulegt. Huguræsingur umfram tilefni, ódagot, oftúlkanir, of sterk viðbrögð sem magna hættu en minnka hana ekki; ofsóknarótti sem leiðir til þess að menn grípa jafnvel til „forvirkra aðgerða“ til að vera fyrri til að láta til skarar skríða gegn ímynduðum andstæðingi.

Og ofstækisfullir bókstafstrúarmenn sem nota trúarrit til að réttlæta grimmdarverk – þeir eru líka hættulegir. Öll stóru trúarbrögðin hafa í sínum röðum þannig menn – einn slíkur var George Bush yngri með sitt eilífa bænakvak og guðsorð á vörum kringum ársarferðir. Óaldaflokkar sem kenna sig við íslam hafa nú um skeið vaðið uppi í löndum eins og Írak og Sýrlandi og reynt að ganga fram af heiminum eins og athyglissjúkir unglingar, sem þeir kanski eru.

Alls konar bulluflokkar eru hluti af mannlegri tilveru, gengi

Hvað er hættulegt? Til dæmis ranghugmyndir. Andrúmsloft getur verið hættulegt.

sem hafa aðdráttarafl fyrir unga karlmenn með veika sjálfmynd. Þeir fá styrk af hópnun, nýja tilfinningu um vald og hlutverk í samfélaginu og jafnvel mannkynsögunni og þeir upplifa þá vímu sem illvirki geta veitt. Svona gengi var í Vogunum þegar ég var strákur þar að alast upp og maður óttadist þá en ekki hvarflaði að fólk að þeir störfuðu í sérstöku umboði frá mér við innbrot sín og óknytti. Hópar á borð við ISIS eru í grunninn af þessu tagi. Hættulegir og andstyggilegir, en ekki fulltrúar hins almenna múslíma þótt þeir og andstæðingar þeirra sameinist um að reyna að láta líta svo út.

Fráleitt er að láta eins og hér ríki viðsjár á borð við þær í Danmörku og Noregi. Til þess vantar nokkrar grundvallarforsendur. Í fyrsta lagi verður að muna að Danir hafa tekið þátt í hernaðinum fyrir botni Miðjarðarhafs (Íslendingar eru ekki eina þjóðin í heimi sem kys yfir sig misvittra hægri menn); í öðru lagi hefur vaxið fram samfélag í Evrópulöndum þar sem ósveigjanleg bókstafsskýring á Kóraninum grasserar kringum litlar patriarkískar valdamíðstöðvar í moskunum og er notuð til að réttlæta glæpastarfsemi. Og í þriðja lagi drógu Danir að sér athygli bókstafssinna í skrípamyndamáli Jyllandsposten (og nei, móðgun yfir skopmyndum réttlætir aldrei morð). Þessar forsendur eru ekki fyrir hendi hér.

AF NETINU



Heimsborgarinn Grímur Thomsen

Guðmundur Magnússon, blaðamaður og sagnfræðingur, bendir á það að Grímur Thomsen sé upphafsmaður latte-drykkju á Íslandi.



„Latte-drykkja hófst á Íslandi þegar kaffihúsið Mokka var opnað á Skólavörðustígnum á sjötta áratugnum.“

Eða svo er mér sagt. En varð ekki þjóðfélagsvandamál með tilheyrandi flokkadráttum milli borgar og sveitar og gáfumanna og daglaunaafólks fyrr en löngu seinna. En hver haldiði að hafi fyrstur Íslendinga drukkið latte svo skjalfest sé? Enginn annar en heimsborgarinn Grímur okkar Thomsen! Hann segir frá daglegum háttum sínum í þeim efnun í bréfi til Brynjólfs Péturssonar 4. janúar 1847 (og fyrir siðsemis sakir sleppi ég því sem hann hefur orð á þegar hann nefnir Parísardómuna Mademoiselle Angéle enda tengist það ekki beint kaffidrykkjunni).“

www.facebook/gmagnusson
Guðmundur Magnússon

Mercedes-Benz 4MATIC

Góðir aldrifsbílar í vetrarfærðina



Mercedes-Benz

ML 320 CDI 4MATIC

Árgerð 2008, ekinn 107 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 225 hö.

Búnaður: Leðuráklæði, minnispakki fyrir sæti og stýri, off-road pakki, loftþúðafjöðrun, dráttarbeisli, rafdrifinn afturhleri, inniljósapakki, fjarlægðarskynjarar, metallic lakk, stigbretti ofl.

Verð 5.490.000 kr.



ML 500 4MATIC



Árgerð 2006, ekinn 120 þús. km, sjálfskiptur, bensín, 303 hö.

Búnaður: Harman Kardon hljómkarfi, rafdrifinn afturhleri, minnispakki fyrir sæti og stýri, sóllúga, skyggðar rúður o.fl.

Verð 3.990.000 kr.

GLK 250 BLUETEC 4MATIC



Árgerð 2014, ekinn 11 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 205 hö. Eyðsla 6,1 l/100 km í bl. akstri.

Búnaður: Aksturstölva, fjarlægðarskynjarar, hraðastillir, rafdrifinn afturhleri, skyggðar rúður, minnispakki fyrir sæti og stýri o.fl.

Verð 7.590.000 kr.

MERKISATBURÐIR

- 1940** Togarinn Skutull frá Ísafirði verður fyrir árs þýskrar herflugvélar við Bretland. Það er fyrsta árs á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1956** Bandarísk herflutningaflugvél ferst með sautján mönnum djúpt út af Reykjanesi.
- 1956** Marokkó fær sjálfstæði frá Frakklandi.



- 1957** Heilsuverndarstöðin í Reykjavík er vígð eftir að hafa verið sjö ár í byggingu en fyrsta deild hennar hóf starfsemi 1953.
- 1963** Fyrsta LP-plata Bítlanna, Please, please me, kemur út í Bretlandi.
- 1969** Fyrsta tilraunaflug Concorde-potu fer fram í Toulouse í Frakklandi.
- 1970** Ríkisstjórn Ródesíu, undir stjórn Ian Smith, slítur formlega öll tengsl við bresku krúnuna og lýsir yfir stofnun Lýðveldis.
- 1978** Skemmtistaðurinn Hollywood er opnaður í Ármúla í Reykjavík.
- 1982** Bíóhöllin í Reykjavík tekur til starfa með sex sýningarsölum, samtals með 1.040 sætum.
- 1985** Kraftlyftingasamband Íslands er stofnað.
- 1993** Nick Leeson er handtekinn fyrir þátt sinn í því að kollsetja Barings-bankann.
- 1995** Yahoo! verður hlutfélag.
- 2003** Pakistönsk yfirvöld handsama Khalid Shaikh Mohammed, sem er álitinn vera heilinn bak við árásina á Tvíburturnana í New York-borg og Pentagon í Washington 11. september 2001. Einnig handtaka þau Mustafa Ahmed al-Hawsawi sem er álitinn standa á bak við fjármögnun árásanna.
- 2006** Leikjatölvan Nintendo DS Lite kemur fyrst út í Japan.



ÞETTA GERÐIST 2. MARS 1999

Dusty Springfield kvaddi þetta líf

Söngkonan Dusty Springfield lést þennan dag árið 1999, tæplega sextug að aldri. Hún átti miklum vinsældum að fagna sem söngkona, sérstaklega í Bandaríkjunum, og hás rödd hennar færði henni nafnbótina Hin hvíta drottning sálartónlistarinnar. Söngtextar hennar báru einföld en skýr skilaboð um ástina. Hún útsetti mörg laga sinna sjálf en fékk ekki heiðurinn af því þar sem það þótti ekki passa á þeim árum. Þekktustu eru lög hennar eins og You Don't Have to Say You Love Me og Only Want to Be With

You. Frægustu böndin sem hún söng með voru The Lana Sisters og The Springfields.

Dusty Springfield var fædd í Englandi 16. apríl 1939. Skírarnafn hennar var Mary Isobel Catherine Bernadette O'Brien. Hún giftist hvorki né eignaðist börn, hneigðist til beggja kynja en átti aldrei opinberlega í alvarlegu sambandi.

Hún átti við áfengis- og eiturflyfjavanda að etja og var margsinnis lögð inn á sjúkrahús vegna þess.



Áttu margar sögur úr sínum reynslubanka

Brunavarðafélag Reykjavíkur bauð eldri félögum í Slökkviliðsminjasafn Íslands. Þar rifjuðust upp sögur frá fyrri tíð þegar barist var við eld með frumstæðum búnaði.

„Það var gaman að fara með gömlu meisturinum í safnið. Þeir mundu eftir mörgum af þeim tækjum sem þar er að sjá og rifjuðu upp ýmsar minningar, þannig að það var lærdómur fyrir yngri menn að vera þar með þeim,“ segir Ari Jóhannes Hauksson, formaður Brunavarðafélags Reykjavíkur sem nýlega fór með hóp eldri félaga í Slökkviliðsminjasafn Íslands að Seylubraut 1 í Reykjanesbæ.

Þegar Ari er inntur eftir sögum og frekari fróðleik um safnið bendir hann á Sigurð Lárus Fossberg, sem hann segir vera aðalfrumkvöðulinn, ásamt Ingvari Georgssyni.

